

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Björns Ólafssonar konsertmeistara. Hún stundaði framhaldsnám við háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff. Hlíf starfaði í kammerhljóm-sveitum í Þýskalandi og Sviss uns hún sneri heim til Íslands. Hún hefur kennt við Tónlistarskóla Ísafjarðar, Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónskóla íslenska Suzukisambandsins og hefur auk þess tekið þátt í margs konar tónlistarflutningi hérlendis og erlendis og haldið sjálfstæða tónleika. Hlíf er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 24. júní 1997 kl. 20:30

Efnisskrá

Johann Sebastian Bach var á árunum 1717-1723 hirðtónskáld Leopolds prins í Köthen. Þar samdi hann þrjár sönötur og þrjár partítur fyrir einleiksfíðlu. Verkinu var lokið árið 1720, en var ekki gefið út í heild fyrr en 1843 eða rúmum 120 árum síðar. Það voru einvörðungu fiðlukennarar og aðrir fræðimenn tónlistar sem handléku og afrituðu handritið í öll þessi ár.

Margir hafa spurt sig hvers vegna Bach, sem var talinn raunsær mjög, hafi samið þessar tónsmíðar fyrir einleiksfíðlu. Fyrsti ævisöguritari Bachs, Forkel, skrifaði árið 1802 að það hafi tíðkast að spila einleik á hljóðfæri við altarisgöngu á tímum Bachs og að hann hafi oft samið þess háttar verk. Þó er talið ólíklegt að hann hafi ætlað þessi verk til flutnings í kirkju, þar sem partítturnar eru byggðar á dansstefjum. Líklegra þykir að Bach hafi hugsað þessar tónsmíðar sem lærdómsríkar æfingar fyrir fiðluleikara þar sem verkin eru afar erfið í flutningi.

Upprunalegur titill verksins er á ítölsku *Sei Solo a violino senza basso accompagnato* eða Sex einleiksverk fyrir fiðlu án undirleiksbassa og er þeim raðað niður þannig: Sónata I - Partíta I - Sónata II - Partíta II - Sónata III - Partíta III. Sönötturnar þrjár fylgja munstrinu *sonata da chiesa* (kirkjusönötu) eða hægt hratt hægt hratt. Partítturnar þrjár byggja á dansstefjum í líkingu við *sonata da camera* (kammersönötu).

Karólína Eiríksdóttir skrifaði *Hugleiðingu fyrir einleiksfíðlu* fyrir Hlíf Sigurjónsdóttur árið 1996. Verkið er í einum kafla og er byggt á hugmyndum, sem þróast áfram og birtast í ýmsum myndum, eins konar tilbrigði án stefs.

Johann Sebastian Bach 1685-1750	Partíta III í E-dúr BWV 1006 Preludio Loure Gavotte en Rondeau Menuet I Menuet II - Menuet I <i>da capo</i> Bourrée Gigue
Karólína Eiríksdóttir f. 1951	Hugleiðing fyrir einleiksfíðlu <i>Frumflutningur</i>
Johann Sebastian Bach	Partíta II í d-moll BWV 1004 Allemanda Corrente Sarabanda Giga Ciaccona